

99

Gjöld:

1. Úthlutað á árinu 1911:			
Ekkju Helgu Jónsdóttur	kr.	35 00	
— Mariu Magnúsdóttur	—	50 00	
— Sigríði Sigurðardóttur	—	25 00	
			kr. 110 00
2. Sjóður við árslok:			
I Söfnunarsjóði	—		3494 09
		Samtals	kr. 3604 09

Í stjórn Ekknasjóðs druknaðra manna í Borgarfjarðarsýslu.

Skipaskaga, 21. júní 1912.

Sigurður Þórðarson. Jón Sveinsson. Jóhann Björnsson.

Oddg. Ottesen. Böðvar Þorvaldsson.

100

Reikningur

Búnaðarsjóðs Vestur-Ísafjarðarsýslu yfir árið 1911.

Tekjur:

1. Eftirstöðvar frá f. á.:			
a. Bankavaxtabrjef	kr.	4400 00	
b. Í sparisjóði	—	596 56	
			kr. 4996 56
2. Vextir:			
a. Af bankavaxtabr.	kr.	99 00	
b. — —	—	96 75	
c. — sparisjóðsfje	—	28 62	
			— 224 37
3. Selt útdregið bankavaxtabr.	—		100 00
		Samtals	kr. 5320 93

Gjöld:

100

1. Geymsla bankavaxtabrjefa	kr.	2 00
2. Verðlaun greidd síra Þorvarði Brynjólfssyni á Stað í Súgandafirði	—	50 00
3. Til jafnaðar við tekjulið 3.	—	100 00
4. Í sjóði:		
a. Í bankavaxtabr.	kr.	4300 00
b. Í sparisjóðsbók nr. 2070	—	868 93
		<hr/>
		5168 93
	Samtals kr.	5320 93

p. t. Þingeyri, 26. mars 1912.

Í stjórn Búnaðarsjóðsins.

Böðvar Bjarnason.

Matth. Olafsson.

Fr. Bjarnason.

Embætti.

27. júní skipaði ráðherra cand. theol. Jóhann Kristján Briem sóknarprest í Melstaðarprestakalli innan Húnavatnsprófastsdæmis frá fardögum 1912 að telja.

29. júní var sýslumaður í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu P. V. Bjarnason settur til að gegna sýslumannsembættinu í Skagafjarðarsýslu mánuðina júlí og ágúst.

S. d. var cand. juris Sigurjón Markússon settur til þess um sama tíma að gegna sýslumannsembættinu í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

12. júlí vjék ráðherra sýslumanni í Húnavatnssýslu Gísla Ísleifssyni frá embætti um stundarsakir.

S. d. setti ráðherrann cand. juris. Björn Þórðarson til að gegna sýslumannsembættinu í Húnavatnssýslu fyrst um sinn.

24. júlí var ráðherra Íslands Kristjáni Jónssyni, kommandör af Dannebrog, samkvæmt umsókn hans, með allrahæstum úrskurði allramildilegast veitt lausn í náð frá ráðherraembættinu frá 25. júlí að telja.

S. d. var bankastjóri við Íslandsbanka Hannes Hafstein, kommandör af Dannebrog og Dannebrogsmáður, með allrahæstum úrskurði allramildilegast skipaður ráðherra Íslands frá 25. júlí að telja.

S. d. var aðstoðarmaður í stjórnarráðinu cand. juris Magnús Guðmundsson allramildilegast skipaður sýslumaður í Skagafjarðarsýslu frá 1. september að telja.

S. d. var hjeradslæknir í Hróarstunguhjæraði Ólafur Óskar Lárusson allramildilegast skipaður hjeradslæknir í Fljótsdalshjæraði.